

**Kennari:**  
Alexandra Ýr Auðunsdóttir  
Jóna Helena Bjarnadóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Verkleg kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**  
6 kennslustundir

**Bekkur:**  
1. og 2. bekkur

## Leikja og spilasmiðja

Megintilgangur leikja og spila smiðju er að nemendur kynnist ýmsum spilum og geti tekið þátt í leikjum inn í bekk. Að nemendur taki virkan þátt í leikjum og spilum og læri nýja leiki og spil. Áhersla er lögð á að nemendur læri að meðhöndla spil, þau geta unnið í smáum og stærri hópum og að þau geti fylgt einföldum fyrirmælum og leikreglum.

## Leikja og spilasmiðja

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Ipad	Svarti Pétur		
Tæknisjónvarp	Olsen olsen		
Spilastokkur	Þjófur		
Borðspil	Veiðimaður	- Sýnt góða meðhöndlun á spilum	Hópavinna
Virkni gólf	Kahoot	- Unnið í smærri og stærri hópum	Einstaklingsvinna
	Samstæðuspil	- Fylgt fyrirmælum	Sýnikennsla
	Púsl	- Farið eftir leikreglum	Leiðsögn
	Blokus	- Tekið virkan þátt í leikjum	
	Tvenna	- Tekið virkan þátt í spilum	
	Ýmis borðspil		
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvort hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnað þjálfunar:** ef nemandi þarfnað frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnað þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága